



Minnisblað

Fjallabyggð, 12. október 2018
Nr. erindis 1810046

Á fundi bæjarráðs þann 9.10.2018 var tekið fyrir neðangreint erindi:

Lagt fram erindi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), dags. 2. október 2018 þar sem óskað er eftir þátttöku sveitarfélaga í könnun er varðar stöðu fasteignamarkaðar á landinu.

Bæjarráð samþykkir að fela deildarstjóra tæknideildar að svara erindinu og leggja fyrir bæjarráð.

Könnun SSV hefur verið svarað og var hún í formi vefkönnunar. Svipuð könnun var lögð fyrir sveitarfélagið í fyrra og eru hér birtar til samanburðar tölur fyrir 2017 og 2018:

1. Hvað eru margar íbúðir í byggingu í þínu sveitarfélagi?
2017: 1
2018: 1
2. Hvað eru margar lóðir tilbúnar til úthlutunar í þínu sveitarfélagi, þar sem gatnagerð er ekki lokið?
2017: 20
2018: 26
3. Hvað eru margar lóðir tilbúnar til úthlutunar í þínu sveitarfélagi, þar sem gatnagerð er lokið og lóðarhafi getur hafið byggingu?
2017: 7
2018: 8
4. Hvað myndi íbúðum fjölga mikið í sveitarfélaginu þegar byggingu á tilbúnum lóðum skv. svari við spurningu 2 er lokið?
2017: 32
2018: 59
5. Hvað myndi íbúðum fjölga mikið í sveitarfélaginu þegar byggingu á tilbúnum lóðum skv. svari við spurningu 3 er lokið?
2017: 7
2018: 8

Virðingarfyllst,



Fjallabyggð
Skipulags- og tæknifulltrúi